

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran nr. 384/2014, ásamt síðari breytingum.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Íran nr. 384/2014 í rétttri númeraröð:

- 1.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/565 frá 11. apríl 2016 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 1.7.
- 2.7 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/556 frá 11. apríl 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 2.7.
- 3.29 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/78 frá 22. janúar 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 3.29.
- 4.27 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/74 frá 22. janúar 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.27.

Ákvæði liðar 3.28 í 2. gr. breytist svo: Í stað orðanna „frá 14. janúar 2016“ komi: frá 16. janúar 2016.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2016.*

**Lilja Alfreðsdóttir.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

**Fylgiskjal 1.7.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/565****frá 11. apríl 2016****um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran**

- 1) Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2011/235/SSUÖ kemur eftirfrandi:  
„2. Þessi ákvörðun skal gilda til 13. apríl 2017. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni skal breytt eftir atvikum, ef ráðið telur að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“
- 2) Viðaukanum við ákvörðun 2011/235/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

## VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1460469526425&uri=CELEX:32016D0565>.Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.**Fylgiskjal 2.7.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/556****frá 11. apríl 2016****um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran.**

- I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 359/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

## VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1460469526425&uri=CELEX:32016R0556>.Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.**Fylgiskjal 3.29.****FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/78****frá 22. janúar 2016****um framkvæmd ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

Rekstrareiningunum, sem skráðar eru I. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ og koma fram í viðaukanum við ákvörðun þessa, er bætt við færslurnar í V. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ. (Efnisútdráttur).

## VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1459761714304&uri=CELEX:32016D0078>.Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 4.27.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/74**

**frá 22. janúar 2016**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

Rekstrareiningarnar, sem skráðar eru í viðaukanum við reglugerð þessa, falla af skránni yfir rekstrareiningar sem koma fram í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2014. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1459761714304&uri=CELEX:32016R0074>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2016